

---

**From:** benedikt.arnason  
**Sent:** mánudagur, 12. september 2022 17:06  
**To:** Páll Gunnar Pálsson - SAMK  
**Cc:** Valur Þráinsson -SAMK  
**Subject:** Samningur  
**Attachments:** Samningur - kortlagning á stjórnunar- og eignatengsl - MAR og SE - drög 8. september 2022 .docx

Sjá



**Benedikt Arnason, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary**

Skrifstofa ráðherra / Department of the Minister  
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries  
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.mar.is](http://www.mar.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

**Drög 11. september 2022 – BÁ/PGP**

Matvælaráðuneytið, kt. XX og Samkeppniseftirlitið, kt. XX, gera með sér svohljóðandi

**Samning**  
**um skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í sjávarútvegi, í samstarfi við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands**

**1. gr.**

**Markmið**

Sjávarútvegur hefur verið og mun í framsjáanlegri framtíð vera ein af mikilvægustu stoðum íslensks efnahagslífs. Af þeim sökum er brýnt að lög og reglugerðir á umræddu sviði styðji við framgang hennar og standi um leið vörð um almannahagsmuni sem henni tengjast. Meðal annars er mikilvægt að löggjöfin endurspegli pólitíska stefnumörkun um grundvallaratriði eins og eignarhald auðlinda og skiptingu aflaheimilda.

Á grunni stjórnarsáttmála og annarra áherslna matvælaráðherra vinnur matvælaráðuneytið nú að heildarstefnumótun á þessu sviði. Markmið matvælaráðherra með þessu starfi er að stuðla að hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda í sátt við umhverfi sitt. Mikilvægur liður í þessu starfi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi.

Markmið matvælaráðherra með kortlagningu á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi eru að stuðla að:

- Gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja
- Upplýstri stefnumótun stjórnvalda um regluumgjörð sjávarútvegs og breytingar á henni
- Því að á hverjum tíma sé farið að lögum og reglum á þessu sviði og að eftirlitsstofnanir geti sinnt hlutverki sínu og átt með sér samstarf.

Eftirlitsstofnanir sem hafa það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi hafa að eigin frumkvæði áformað að efla samstarf á þessu sviði, með það að markmiði að skapa heildstæðari og aðgengilegri yfirsýn yfir stjórnunar- og eignatengsl, nýta betur þekkingu á þessu sviði og styrkja greiningu og nauðsynleg úrræði. Til þess að þau markmið nái fram að ganga er nauðsynlegt að tryggja fjárhagslegt svigrúm til þess að byggja upp þekkingu og upplýsingatækni umgjörð og ráðast í athuganir, án þess að skerða fjárhagslegt sjálfstæði stofnananna.

**2. gr.**

**Verkefnið**

Með fyrirvara um að fjárhagslegt svigrúm sé til staðar, hefur Samkeppniseftirlitið, í samstarfi við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands ákveðið að ráðast í athugun á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi. Athugunin byggir á ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005.

Í athuguninni felst upplýsingasöfnun og kortlagning sem tekur að lágmarki til eftirtaldrá þátta:  
:

1. Hún taki til allra sjávarútvegsfyrirtækja sem fengið hafa úthlutun aflaheimilda með ákveðnum stærðartakmörkunum sem ákveðin verða á fyrstu stigum verkefnisins.
2. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (eða aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirlit yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum.
3. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirlit yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum fyrirtækjum hér á landi, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa.
4. Hún varpi ljósi á áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum, sbr. afmörkun í liðum 2 og 3.
5. Hún auki gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl sem rakin eru í liðum 1-4.

Framangreind kortlagning verður sett fram í sérstakri skýrslu. Skýrslan verður afhent matvælaráðuneytinu og verður hún því aðgengileg ráðuneytinu í stefnumótunarvinnu skv. 1. gr.

Skýrslan mun ekki fjalla um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eða annarra eftirlitsstofnana um frekari athuganir eða íhlutun á grundvelli starfsheimilda eða starfsskyldna samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Hún mun hins vegar nýttast Samkeppniseftirlitinu, Fiskistofu, Skattinum og Seðlabanka Íslands við þekkingaruppbyggingu og við beitingu lagafyrirmæla á viðkomandi sviði. Í þessu felst m.a. að viðkomandi stjórnvöld geti nýtt upplýsingar sem verða til við kortlagninguna í sínum athugunum og að sjálfstæði eftirlitsstofnana til eftirlits og ákvarðanatöku verði ekki skert á neinn hátt.

Við vinnslu skýrslunnar er stefnt að því að mótuð verði upplýsingatækniútgjörð sem nýtist við frekari kortlagningu og eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi almennt.

### **3. gr.**

#### **Sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins og annarra eftirlitsaðila**

Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun skv. samkeppnislögum nr. 44/2005. Við framkvæmd verkefnis samkvæmt þessum samningi verður tryggt að aðkoma ráðuneytisins skerði á engan hátt sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins eða annarra stofnana sem taka þátt í verkefninu. Samkeppniseftirlitið og aðrar stofnanir taka því sjálfstæða ákvörðun um hvort og þá hvernig gögn sem aflað verður í þessu verkefni verða nýtt til frekari rannsókna og e.a. íhlutunar á grundvelli eftirlitsheimilda. Þá er ekki gert ráð fyrir því að verkefnið hafi áhrif á rekstrarsvigrúm Samkeppniseftirlitsins til að sinna lögbundnum skyldum sínum.

### **4. gr.**

#### **Gildistími og skil**

Samningur þessi gildir frá undirritun þessa samnings til 31. desember 2023. Samkeppniseftirlitið skal skila matvælaráðuneytinu skýrslu með niðurstöðum sínum eigi síðar en 31. desember 2023. Samkeppniseftirlitið greinir matvælaráðuneytinu frá stöðu verkefnisins reglulega á meðan á samningstíma stendur.

### **5. gr.**

#### **Hlutverk matvælaráðuneytisins**

Matvælaráðuneytið greiðir umsamda fjárhæð eins og nánar greinir í samningi þessum. Ráðuneytið hefur rétt á að stöðva millifærslur eða fresta þeim telji það framkvæmd verkefnisins ekki í samræmi við verkáætlun.

## 6. gr.

### Greiðslur og greiðslutilhögun

Ráðuneytið greiðir af fjárlagalið 04-XXX til Samkeppniseftirlitsins kr. 35.000.000 (þrjátíu milljónir króna 00/100), án virðisaukaskatts á samningstíma, og verður ekki um frekari greiðslur að ræða. Fjórðungur greiðslunnar skal greiðast í lok árs 2022, fjórðungur fyrir lok apríl 2023, fjórðungur fyrir lok ágúst 2023 og fjórðungur fyrir lok árs 2023.

Ráðuneytið skal greiða fjárhæðir vegna samnings þessa samkvæmt reikningum frá Samkeppniseftirlitinu og skulu reikningar berast á XML-formi í gegnum rafræna skeytamiðlun. Reikningum skal fylgja stutt samantekt um samningsverkefnið á viðkomandi tímabili sem inniheldur tímaskráningu og sundurliðun vinnuframlags/kostnaðar. Greiðslur eru háðar því að samningsverkefninu miði áfram með eðlilegum hætti og hraða, sbr. verkáætlun. Lokagreiðsla er háð skilum á lokaskýrslu vegna verkefnisins.

Heildarfjárskuldbindingar ráðuneytisins takmarkast á samningstímanum við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í samningi þessum. Ráðuneytið mun ekki greiða dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðslur bera hvorki vexti né verðtryggingu.

## 7. gr.

### Framsal

Samkeppniseftirlitinu er með öllu óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum, hvort sem er að hluta eða öllu leyti.

## 8. gr.

### Vanefndir

Verði Samkeppniseftirlitið staðið að verulegum vanefndum við framkvæmd samningsverkefnisins getur ráðuneytið, auk þess að fresta greiðslum eða stöðva þær, ákveðið að rifta samningi þessum. Riftun skal lýst yfir skriflega og slík tilkynning send Samkeppniseftirlitinu með sannanlegum hætti.

## 9. gr.

### Ýmis ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hvorum. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir forsvarsmenn aðila nöfn sín hér að neðan.

Reykjavík, X. september

F.h. matvælaráðuneytisins:

F.h. Samkeppniseftirlitsins:

Benedikt Árnason

Páll Gunnar Pálsson